



EFTIRLITSSKÝRSLA

Dalabyggð Grunnskóli Auðarskóli

Dags eftirlits	17.11.2021	Tegund eftirlits	Eftirlit
Fyrirtæki	Dalabyggð Grunnskóli	80.10.0.1	Grunnskólar
Heimili	Miðbraut 11	85.32.2.3	Opin leiksvæði
Kennitala	5106942019		
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Haraldsson	Heilbrigðisfulltrúi	Þorsteinn Narfason
Fulltrúi fyrirtækis	Viðar Ólafsson		

UMFANG EFTIRLITS

Komið vegna reglubundins eftirlits. Skólinn, mötuneyti og skólalóð voru skoðuð í fylgd með Viðari Ólafssyni.

Kælar og frystar voru mældir í mötuneyti en ekki gerðar athugasemdir. Matráður var ekki við svo ekki var unnt að taka út innra eftirlit.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Almenn er ástand skólahúsnæðisins í góðu lagi og ekki hægt að benda á marg sem betur má fara. Helst er að nefna eftirfarandi.

1. Setja þarf upp flugnaljós í mötuneyti.
2. Setja þarf upp gardínur í efri gluggum í textílherbergi.
3. Á milligangi eru skemmdir í dúk. Það getur gerst þar sem raki kemst undir dúkinn að hann fer að mygla.
4. Bæta þarf fallundirlag við rólu þannig að það sé í samræmi við kröfur í reglugerð um leikvallatæki.

ÁBENDINGAR

Minnt er á að halda úti slysaskráningum. og einnig að yfirfara skyndihjálparbúnað reglulega og tryggja að fólk kunni að nota hann með því að sækja reglulega námskeið.

ANDMÆLARÉTTUR

Ef ekki eru tök á að framkvæma lagfæringar innan þess tíma sem tiltekinn er hér að framan, ber að senda Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ósk um frestun með tímasettri framkvæmdaáætlun.

Tilkynningu um að úrbætur hafi verið framkvæmdar skal koma til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands ekki síðar en 10 dögum eftir að úrbótum er lokið. Senda má tölvupóst á netfangið eftirlit@hev.is.


Ef einhverjar athugasemdir eru við úttektarskýrslu þessa óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs. Ef fylgja þarf málinu eftir með viðbótareftirlitsferð verður rukkað sérstaklega fyrir það skv. gildandi gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa þessu máli til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, ef ekki er unað ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Nánari upplýsingar um nefndina er að finna á slóðinni: www.uua.is. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Það á þó ekki við ef mælt er fyrir um annan kærufrest í þeim lögum sem kæránleg ákvörðun byggist á.

19.11.2021

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Narfason

	19.11.202111:23:13 Dags myndarTímasetning myndar Fallundirlag rólu er ekki löglegt. Róla
	19.11.202111:23:12 Dags myndarTímasetning myndar Mögulega er um gamalt tjón að ræða frá því lak inn en uppræta þarf allann mögulega raka og gera við. Þetta er framan við smíðastofu. Rakaskemmd í lofti
	19.11.202111:23:08 Dags myndarTímasetning myndar Þarf sem skemmd er í dúk getur skúrningarvatn átt greiða leið undir og valdið rakaskemmdum og myglu undir dúknum. Gera þarf við dúkinn allsstaðar þar sem hann er opin Skemd í dúk
	19.11.202111:23:05 Dags myndarTímasetning myndar



Annað dæmi um skemmd í dúk á gangi.

Skemmd í dúk